

Truenorth Ísland ehf.
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. mars 2015
UST201503-172/M.I.K.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi/ljósmyndaleyfi- Arnarstapi Snæfellsnesi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Truenorth ehf., dags. 18. mars 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku á túnrönd við Eystrigjá, Arnarstapa sem fyrirhuguð var 25.-26. mars 2015. Í tölvupósti daginn eftir var greint frá því að um ljósmyndatöku yrði að ræða, ekki kvikmyndatöku, og umfang nokkru minna.

Ströndin við Arnarstapa og Hellna var gerð að friðlandi árið 1988, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 284/1988. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Taka á yfirlitsmynd af staðnum sem verður notuð í kvikmynd. Ekið verður á pallbíl á stórum mjúkum dekkjum niður tún frá Amtmannshúsi, meðfram tjörn og að neðri enda hennar. Samþykki landeiganda fyrir því liggur fyrir. Á móts við Eystrigjá verður settur upp léttur álpallur fyrir tökumenn. Í innsendri umsókn er gert ráð fyrir 50 manna starfslíði en í seinni tölvupósti kom fram að starfsmenn yrðu 10-15.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur svo framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti kvikmyndatökur/ljósmyndatökur við Arnarstapa að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tökurlöngun hefst og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Tökusvæðið skal afmarkað og skal komið fyrir merkingum sem tiltaka að um vinnusvæði sé að ræða og leyfi Umhverfisstofnunar hafi verið fengið fyrir framkvæmdinni. Skal textinn vera á íslensku og ensku.
- Akstur bifreiðar sem flytur tækin er heimill eftir þeim slóða sem liggur um túnið þar sem stysta leið er farin án þess að gróðri sé raskað.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar/ljósmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt sem og ummerki um akstur bifreiðar.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.

- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tækur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tækunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvikmyndatökunum/ljósmyndatökunum. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllst



Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri